

Fundargerð – 2. fundur stjórnar Foreldrafélags Hlíðaskóla:

Mávahlíð 42 (hjá Höllu) og á Google Meet, 21. janúar 2021

Mættar:

Lena Viderø, formaður
Klara Geirsdóttir, gjaldkeri
Eygló Svala Arnarsdóttir, ritari
Eirný Þórólfsdóttir, meðstjórnandi
Hallfríður (Halla) Brynjólfsdóttir, meðstjórnandi
Rósa Gunnlaugsdóttir, meðstjórnandi
Þorbjörg Gísladóttir, meðstjórnandi

Fjarstaddur:

Reynir Ingi Finnsson, meðstjórnandi

Klara og Eygló sem reyndu að fylgjast með á fjarfundu heyrðu mjög takmarkað af því sem fram fór, þess vegna er fundargerðin líka hálfgerður bútasamur.

Dagskrá:

1. Staða stráka í íslensku skólakerfi varðandi lestur - hver er staðan í Hlíðaskóla? Hvað er hægt að gera?
2. Fróðir foreldrar - fræðsla 28. febrúar - samskipti á netinu
3. Fræðsla fyrir foreldra í unglingadeild varðandi niðurstöður Rannsóknar og greiningar um líðan ungmenn í covid ástandina. Verður haldin 28. janúar kl. 8:30 (Magga Lilja sér um fyrirlesturinn).
4. Hverfissjóður – vorhátíð/hverfishátíð. Viljum við sækja aftur um styrk fyrir vorhátíð/hverfishátíð/fjölmenningarhátíð?
5. Skólalóð - Búið að senda póst um óskir barnanna á Berglindi.
6. Önnur mál.

Rætt var um að gera annan skurk í óskilamunum fyrir vetrarfrí. Það gekk vel síðast.

1. Staða stráka í íslensku skólakerfi varðandi lestur - hver er staðan í Hlíðaskóla? Hvað er hægt að gera?

Lena tók niður punkta úr viðtalinu við Tryggva og las upp fyrir viðstadda. Velt var upp ýmsum spurningum, t.d. kynjahlutfalli kennara í Hlíðaskóla. Æfing í lestri fer fyrst og fremst fram heima. Foreldrar þurfa fleiri töl og tæki til að hvetja börn til lestrar í frítíma. Í skólanum væri e.t.v. hægt að skipta hópnum upp eða vera með bókaklúbba eða leshringi. Unnið er markvisst með lestur í

7. bekk og það er að virka. Þar er öflugur kennari sem heitir Steingrímur. Geta kennarar hjálpað til með heimanám eftir skóla? (Seinna kom upp hugmynd um að fólk á eftirlaunum hjálpi til við lestrarþjálfun þeirra barna sem fá ekki aðstoð heima). Þetta er að einhverju leyti foreldravandamál. Það er svo mikill hraði og keyrsla og erfitt að finna frítíma með börnunum. Í einum hópnum í 5. bekk skilaði aðeins 30% nemenda lestrarverkefni. Einnig kom fram í skýrslunni að drengir fá síður hrós frá kennara en stúlkur og lyfjanotkun er mjög há. Ákveðið var að ræða málið við Berglindi á fundi daginn eftir.

2. Fróðir foreldrar - fræðsla 28. febrúar (3. mars) - samskipti á netinu

Haldinn verður fræðsla um netöryggi og samskipti og hvaða áhrif þetta hefur á börn og unglinga félagslega. Fyrirlestrinum verður sennilega frestað til 3. mars. Fenginn verður fundarstjóri til að léttu stemmninguna (einhver eins og Villi naglbítur). Félagsfærni brenglast ef börn einangra sig mikið í tölvum. Farið er yfir hvað foreldrar geta gert. Margir þekkja ekki lausnirnar og þurfa kennslu í því. Foreldrar þurfa að tala saman. Það er mikið bull á Snapchat og YouTube. Tryggvi kom með nokkrar ábendingar sem voru settar inn á Facebook-síðu Foreldra barna í Hlíðaskóla.

3. Fræðsla fyrir foreldra í unglingadeild varðandi niðurstöður Rannsóknar og greiningar um líðan ungmenn í covid ástandina. Verður haldin 28. janúar kl. 8:30

Almennur fyrirlestur og fyrir hvern og einn skóla. Hlíðaskóli mælist yfir meðallagi í kvíða. Berglind, Þórey og fleiri sátu fund þar sem farið var í gegnum niðurstöðurnar. Skólinn sér um að kynna fyrirlesturinn.

4. Hverfissjóður – vorhátíð/hverfisshátíð. Viljum við sækja aftur um styrk fyrir vorhátíð/hverfishátíð/fjölmenningshátíð?

Já, allir eru sammála um það. Lena hefur ekkert heyrt af hinum styrknum sem sótt var um vegna fræðslu, en á að fá svar síðasta lagi í byrjun febrúar. Allir eru ánægðir með hvað fræðslan fyrir jóla gekk vel. Áframhaldandi fræðsla var rædd, t.d. að Sigga Dögg myndi tala við nemendur í unglingadeild. Bent var á að hún og Sólborg séu að vinna með Menntamálaráðuneyti að bættri kynfræðslu. Það þarf einhvern í teymið sem er ungur og er inni í málum; talar tungumál unglinganna. Sólborg er „töffari“ en ekki menntuð til að vera sjálf með kynfræðslu. Hún fjallar meira um samskipti en Sigga Dögg er menntuð sem kynfræðingur.

Rætt hefur verið á fundi með Fróðum foreldrum að krakkar séu að selja nektarmyndir af sér á netinu. Yngsta tilfellið er 13 ára. Allt niður í 12 ára strákar eru að biðja stelpur um myndir af sér og senda sjálfir typpamyndir – það virðist vera mjög algengt – til að ganga í augun á þeim.

Hvaðan koma þær hugmyndir? Hefur enginn leiðrétt þetta? Mikilvægt er að foreldrar geri ekki mikið mál úr því þegar þarf að ræða hlutina heldur hafi það inni í daglegu spjalli. „Alveg sama hvað gerist ég verð aldrei reið“ – þannig að börnin þori að segja frá.

5. Skólalóð - Búið að senda póst um óskir barnanna á Berglindi.

Berglind ætlaði að tala við Unni. Frístundin getur ekki sótt um úrbætur á skólalóð. Komnar voru hugmyndir (t.d. um körfuboltavöll) í Hverfið mitt – en ekkert varðandi viðhald á í raun heima þarna. Nú er hugmyndasöfnun og svo verður kosning. Hvað verður um ábendingarnar? Það er lélegt samband á milli samtaka í hverfinu, foreldrafélags og íbúasamtaka, þar sem Lena er varamaður. Það þarf að koma ábendingum á framfæri og fara með til Reykjavíkurborgar. Lena er líka varamaður í íbúaráði, þar sem starfsfólk frá Reykjavíkurborg á sæti. Svo er líka hverfisráð. Lena getur komið því á framfæri fyrir hönd foreldrafélagsins að sumt sem kosið er um í Hverfið mitt á ekki heima þar.

Það ætti að benda foreldrum á að taka þátt í lestrarkeppni – Samrómi. Lena setur inn ábendingu á foreldrasíðuna.

Fundi slitið.